

Lagabreytingatillaga frá Gunnari Björnssyni (rökstuðningur sendur síðar).

3. kafli

Íslandsmót skákfélaga

17. grein.

Keppninni skal skipt í **fimm** deildir og **heitir** sú **efsta Úrvalsdeild**. **Sigurvegari** í **Úrvalsdeild** er **Íslandsmeistari skákfélaga**. Fjöldi vinninga skal ráða úrslitum um endanlega röð sveita í deildum þar sem allir tefla við alla. Verði vinningar jafnir, skulu liðsstig (matchpoints) ráða. Fjöldi liðstiga (matchpoints) skulu ráða úrslitum um endanlega röð í deildum þar sem teft er eftir svissneska kerfinu. Verði liðstigin jöfn þar, skulu vinningar ráða. Hvert félag á rétt á að senda eins margar sveitir til keppinnar og það óskar. Þó mega ekki vera fleiri en **ein sveit** frá nokkru félagi í **Úrvalsdeild** og ekki fleiri en **þrjár** í **1.deild**.

Sérákvæði sem falli út eftir 1. júní 2018: *Gildir keppnistímabilið 2017-2018.*
Keppninni skal skipt í **fjórar** deildir og **heitir** sú **efsta Úrvalsdeild**.

18. grein.

Sex sveitir skulu vera í **Úrvalsdeild** og **átta sveitir** í **1. og 2. deild**. Stjórn S.Í. hefur rétt til að fjölga eða fækka sveitum í neðri deildum þyki henni ástæða til. **Hver sveit í Úrvalsdeild skal skipuð átta liðsmönnum, en í öðrum deildum skulu sveitir skipaðar 6 liðsmönnum. Efsta sveit 1.deildar, tvær efstu sveitir 2. og 3.deildar og þrjár efstu sveitir 4. deildar færast upp um deild í lok keppnistímabils. Neðsta sveit Úrvalsdeildar, tvær neðstu sveitir 1. og 2. deildar og þrjár neðstu sveitir 3. deildar falla niður um deild.**

Sérákvæði sem falli út eftir 1. júní 2018: *Gildir keppnistímabilið 2017-2018.*

- *Úrvalsdeild: Sex efstu sveitir 1. deildar færast upp í Úrvalsdeild*
- *1. deild: Engin sveit falli niður í 2. deild – fjórar sveitir upp úr 2. deild (fækkun úr tíu í átta)*
- *2. deild: Engin sveit falli niður í 3. deild – fjórar sveitir upp úr 3. deild (áfram átta)*
- *3. deild: Fjórar sveitir falli niður í 4. deild – tvær sveitir upp úr 4. deild (fækkun úr fjórtán í átta)*
- *4. deild: Fjölgun um tvær sveitir.*

Verði tillagan samþykkt verður reglugerðum breytt í samræmi við breytt lög.